

Mál nr. 88/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.****Lögmæltur tilkynningarfrestur vegna vinnuslyss þann 11.6.2007.****Gögn.**

46. Málskot, móttakið 3.3.2011, ásamt fylgigögnum.
47. Bréf X, dags. 25.3.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 11.6.2007 var M að störfum hjá fyrirtækinu A. Hafði hann verið að setja vörur í frysti, en á leið sinni út úr frystinum rann hann aftur fyrir sig á blautu og nýþvegnu gólfi fyrir framan frystinn. Mun hann hafa fallið með höfuðið utan í hurðarkarm. Þann 20.6.2007 leitaði M til heimilislæknis. Taldi M að hann hafi rotast við fallið og kvartaði einnig undan stirðleika og verkjum í mjóbaki, herðum og hálsi og út í öxl.

Í fyrirliggjandi læknisvottorði kemur fram að M hafi frá unglingsaldri átt við verkjavandamál að stríða frá mjóbaki og brjóstþrygg. Er greint frá ýmsum atvikum sem leitt hafa til læknisheimsókna og rannsókna vegna stoðkerfiseinkenna og höfuðverkja nær árlega á tímabilinu 1996 til 2004. Eftir fyrrgreint tónstilvik í júní 2007 leitaði M til heimilislæknis vegna stoðkerfisvandamála sinna í júní og júlí 2007; í maí, júní og september 2008; í janúar, maí og júní 2009 og svo í janúar, mars, apríl og júlí 2010. Í tengslum við læknisrannsóknir í maí og júní 2009 er frá því greint í læknisvottorðinu að daginn fyrir læknisheimsókn þann 19.5.2009 hafi hann skroppið til í bakinu og fengið læsingu við að lyfta 15 kg þungum kassa. Við skoðun 19.6.2009 kom fram að M hafi verið í sjúkraþjálfun vegna bakverks sem leiddi ofan í hægri fót. Var þá ákveðið að taka sneiðmynd sem reyndist í stórum dráttum óbreytt frá síðustu mynd.

Með tilkynningu, dags. 4.2.2010 var slysið tilkynnt til vátryggingafélagsins X, þar sem vinnuveitandi M hafði í gildi slysatryggingu launþega. X kvað M hafa glatað rétti sínum til bóta þar sem eins árs frestur til að tilkynna um tjónið hafi verið liðinn er tilkynningin barst. M krefst viðurkenningar á því að hann hafi ekki glatað rétti til bóta fyrir varanlega örorku úr vátryggingunni.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 glatar sá rétti til bóta samkvæmt slysatryggingu ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Við mat á því hvort M hafi glatað rétti til bóta á grundvelli téðs lagaákvæðis verður að líta til þess hvað hann vissi um þau atvik, sem bótakrafa hans er reist á, ári áður en X var tilkynnt um tjónið þann 4.2.2010. Í málinu liggur fyrir eitt ítarlegt vottorð heimilislæknis þar sem rakin er sjúkrasaga M fyrir slysið 11.6.2007 og eftir það. Sjúkrasaga M er langvinn og af læknisvottorðinu verður ekki ráðið hverjar eru varanleg einkenni sem M býr við af völdum slyssins. Af vottorðinu verður því heldur ekkert ráðið hvenær M vissi að þau einkenni sem rakin verða til slyssins myndu verða varanleg. Frekari læknisvottorðum eða matsgerðum er ekki til að dreifa sem varpað geta ljósi á þessi atriði. Er málið því vanreifað og ekki stutt þeim gögnum sem nauðsynleg eru til að unnt sé að úrskurða í málinu. Verður ekki hjá því

komist að vísa málinu frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktá fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá úrskurðarnefnd.

Reykjavík, 14. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.